

# Ný naut í september

Nú þegar farið er að rökkva á kvöldin er gott að ylja sér við eitthvað nýtt og uppörvandi. Núna koma átta ný naut til notkunar og þar af stendur kyngreint sæði (X-sæði) til boða úr fimm þeirra. Þá mun Y-sæði, þ.e. sæði sem gefur nautkálfa, standa til boða úr fjórum þessara nauta.

**Guðmundur Jóhannesson.**

Í byrjun er rétt að renna yfir hvaða naut fara úr notkun og hver verða áfram í dreifingu. Úr dreifingu verða teknir Oddi 24008, Alur 24009, Jöfur 24010, Trítón 24016, Versalur 24017, Nemó 24018, Milli 24021, Frakkur 24022, Hlynur 24024 og Gilli 24031. Þeir teljast allir annað hvort fullnotaðir eða náðu ekki hylti notenda.

Pau naut sem verða áfram í dreifingu eru Jenni 24019, Nökkvi 24020, Fennill 24023, Sóli 24025, Kandís 24026, Valur 24027, Flaumur 24028 og Hrímnir 24035. Nautin sem koma ný til nota eru, eins og áður sagði, átta talsins og því verða 16 naut í dreifingu næstu vikurnar. Þetta eru síðustu nautin fædd 2024 og fyrstu nautin sem fædd eru á árinu 2025. Það er full ástæða til að skoða og kynna þá nánar en eins og ætíð er reynt að hafa faðerni þeirra sem dreifðast. Innan sviga má sjá sæðistegund, V=venjulegt, X=kyngreint (kvígur), Y=kyngreint (naut).



**Basil 24029 (V)** frá Espihóli í Eyjafirði er undan Flamma 22020 og 1366 Risadóttur 15014. Rauðbröndóttur, kollóttur. Samkvæmt erfðamati

Basils ættu dætur hans að verða mjólkurlagnar kýr með há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta ættu verða háfættar kýr með afbragðsgóða jógurgerð, mjög vel borin jógur með mikla festu og greinilegt jógurband. Spenar fremur stuttir, aðeins grannir og ákaflega vel settir. Mjaltir frábærar og skapið sömuleiðis. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 109.



**Holti 24030 (V)** frá Guttormshaga í Holtum er undan Þrym 22027 og Felu 735 Steradóttur 13057. Ljósrauðleistöttur m/stjörnu í enni, kollóttur. Erfðamat Holta segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins nokkru hærri. Þetta ættu verða háfættar kýr með mjög góða jógurgerð, vel borin jógur með mikla festu og nokkuð greinilegt jógurband. Spenar hæfilegir að lengd, aðeins grannir og vel settir. Mjaltir úrvalsgóðar og skapið sömuleiðis. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 111.



**Jarl 24034 (V)** frá Hóli í Sæmundarhlíð undan Drunga 22024 og Lordý 563 Lordsóttur 17008. Dökkkolóttur m/

stjörnu í enni, hníflóttur. Erfðamat Jarls gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðallag. Þetta ættu verða ákaflega háfættar kýr með stórgóða jógurgerð, mjög vel borin jógur með mikla festu og greinilegt jógurband. Spenar hæfilegir að lengd, aðeins grannir og prýðilega settir. Mjaltir sérlega góðar og skapið sömuleiðis. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 111.

**Nói 25002 (V, X)** frá Stærribæ í Grímsnesi undan Ljóma 21043 og 990 Sjarmadóttur 12090. Brandgrönóttur, kollóttur. Samkvæmt erfðamati Nóa verða dætur hans mjög mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk undir meðallagi en hlutfall próteins í góðu meðallagi. Þetta ættu verða frekar lágfættar kýr með meðalgóða jógurgerð en mjög góða spena, hæfilega að lengd og þykkt og vel setta. Mjaltir góðar og skap frábært. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 111.



**Kokkáll 25003 (V, X, Y)** frá Kotlaugum í Hrunamannahreppi undan Hrauna 22030 og Bollu 945 Biðilsdóttur 18023. Svarhuppóttur, kollóttur. Erfðamat Kokkalls segir að dætur hans verði afburða mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk fremur lágt en hlutfall prótein vel yfir meðallagi. Þetta ættu að verða ákaflega háfættar kýr með góða jógurgerð, vel borin jógur með góða festu og greinilegt jógurband. Spenar aðeins grófir, í lengri og þykkari kantinum, en vel settir. Mjaltir í góðu meðallagi og skap frábært. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 117.



**Auðólfur 25004 (V, X, Y)** frá Auðólfsstöðum í Langadal undan Drunga 22024 og Kvörn 918 Pipars-

dóttur 12007. Rauðbröndóttur, kollóttur. Erfðamat Auðólfs gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hátt hlutfall fitu í mjólk en hlutfall próteins í meðallagi. Þetta ættu verða fremur háfættar kýr með mjög góða jógurgerð, vel borin jógur með mikla festu og greinilegt jógurband. Spenar hæfilegir að lengd og þykkt og sérlega vel settir. Mjaltir og skap hvoru tveggja frábært. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 115.



**Jósep 25005 (V, X, Y)** frá Káranesi í Kjós undan Pinna 21029 og Merry 1174 Knattardóttur 16006. Bröndóttur, kollóttur. Samkvæmt erfðamati Jóseps verða dætur hans ákaflega mjólkurlagnar kýr með hlutfall fitu í mjólk nærri meðallagi en hlutfall próteins hátt. Þetta ættu verða nokkuð háfættar kýr með góða jógurgerð, vel borin jógur með góða festu og greinilegt jógurband. Spenar nokkuð hæfilega langir, aðeins grannir og vel settir. Mjaltir góðar og skap stórgott. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 114.



**Lexus 25006 (V, X, Y)** frá Hvammi á Galmatrönd undan Magna 20002 og Gleði 1350 Klúsardóttur 14031. Rauðbröndóttur, kollóttur. Erfðamat Lexusar segir að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kýr með hlutföll verðefna í mjólk yfir meðallagi. Þetta ættu að verða í góðu meðallagi háfættar kýr með góða jógurgerð, vel borin jógur með stórgóða festu og nokkuð greinilegt jógurband. Spenar fremur stuttir og þykkir og vel settir. Mjaltir og skap um meðallag. Arfhreinn kollóttur. Heildareinkunn 114.

Eins og þessi upptalning sýnir er úrval nauta gott og ætterni dreift. Þá er mjög gaman að nú standa til boða vel frambærileg kynbótanaut með sérstaka liti, þ.e. grátt og grönótt. Það er fagnaðarefni með áframhaldandi litafjölbreytni íslenska kúastofnsins í huga.

Nánari upplýsingar um þessi naut, eins og sundurliðaðar einkunnir eftir eiginleikum, er að finna á nautaskra.is.

## Kyngreint sæði

Kyngreint sæði (X-sæði sem gefur kvígur) verður í boði úr eftirtöldum nautum: Nóa 25002, Kokkáli 25003, Auðólfi 25004, Jósep 25005 og Lexusí 25006.

Þá er til Y-sæði (sæði sem gefur nautkálfa) úr sömu nautum nema Nóa 25002.

Enn er til X-sæði úr þeim Kandís 24026 og Flaumi 24028 en að verða uppuríð úr öðrum nautum. Eitthvað kann þó að vera í kútum frjótækna.

Þá er til Y-sæði úr Jenna 24019, Nökkva 24020, Kandís 24026 og Flaumi 24028. Það sæði er einkum til nota á úrvalskýr og -kvígur stofnsins, yfirburðagripí sem fengur væri að nautkálfi á stöð undan til þess að feðra næstu kynslóð.

Aftur vil ég nefna að árangur með kyngreindu sæði hefur fram að þessu verið undir væntingum. Þar kunna að liggja ýmsar ástæður að baki en nokkur nokkur bú hafa náð mjög góðum árangri með þessu sæði og dæmi um yfir 80% 56 daga ekki uppbeisli. Það er því full ástæða fyrir þá sem ekki hafa náð viðunandi árangri með þessu sæði að velta fyrir sér hvort eitthvað megi betur fara í sæðingaferlinu. Þá er eðlilegt að spyrja sig eftirfarandi spurninga:

Er beðisligsgreining ómarkkviss?

Eru kýrnar sæddar of snemma á gangmálinu, þ.e. er verið að sæða kýr sem sást á að morgni en ætti kannski að sæða daginn eftir?

Eru kýrnar tilbúnar þegar frjótæknirinn kemur á búið eða þarf að elta þær uppi? Það lengir tímann frá uppbíðingu til sæðingar og er kyngreindu sæði ekki hollt.

Er verið að sæða „réttu“ kýrnar með kyngreindu sæði? Yngri kýrnar og kvígurnar eru frjósamastar og eðlilegt að horfa til þeirra auk þess sem það eru erfðafræðilega bestu gripirnir.

Er verið að sæða kýr sem búið er að margsæða? Líkur á að kýr sem eru margsæddar festi fang eru minni ef notað er kyngreint sæði samanborið við venjulegt.


Við bætum ekki árangur í sæðingum með kyngreinsdu sæði, það er eitthvað sem liggur fyrir. Til þess að ná árangri þarf gott verklag og horfa til yngri gripanna og sæða fyrst og fremst kýr á fyrsta kálfi og kvígur. Kyngreint sæði ætti ekki að nota á eldri kýr nema því aðeins að sæðingaárangur í hjörðinni sé góður. Hér gildir, í eins og svo mörgu öðru, að markviss og vönduð vinnubrögð skila árangri.

Í lokin er svo rétt að minna á að kynbótamatið tekur breytingum þó ekki séu þær miklar hverju sinni. Kynbótamat er keyrt 2–3 sinnum í mánuði og tölur geta því breyst fyrirvaralaust. Matið má sjá í Huppu auk þess sem það er uppfært jafnharðan á nautaskra.is.

*Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML.*



## Klippur og beygjuvélar



**Stroffur  
Naglar  
Víralásar  
Járnabakkar  
Plastlistar og stjörnur  
Kambar**

## Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vir og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200

# BÆNDAGED

## Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is